

Reykjavík, 22. febrúar 2007.

Lögregla höfuðborgarsvæðisins
Hverfisgötu 116-118
101 Reykjavík

Efni: Kæra vegna brots gegn lögum nr. 3/1955 um skógrækt.

Undirrituðum lögmanni hefur verið falið af Skógrækt ríkisins, kt. 590269-3449, Miðvangi 2-4, 700 Egilsstöðum, að kæra til lögreglu framkvæmdir í Heiðmörk, sem fram fóru þann 9. febrúar sl., á vegum Kópavogsþærar vegna fyrirhugaðrar lagningar á vatnslögn. Framkvæmdirnar voru unnar af verktakfyrirtækinu Klæðningu ehf.

Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur hafði fjöldi trjáa verið tekinn upp og þeim ekið burt áður en framkvæmdir voru stöðvaðar þann 9. febrúar sl. Er talið að heildarfjöldi trjánna sem fjarlægð voru hafi verið allt að 700 tré, um 300 stafafurur (u.p.b. 3-4 metra háar), 40-60 sitkagrenitré (8-10 metra há) og 200-300 ungtré. Samkvæmt fregnunum, sem meðal annars hafa birst í fjölmölum, fannst hluti þessara trjáa á lóð Garðafells ehf. við Stórhöfða við Krýsuvíkurveg í Hafnarfirði.

Umbjóðandi minn, Skógrækt ríkisins, hefur meðal annars þau verkefni samkvæmt 1. gr. laga nr. 3/1955 um skógrækt að vernda skóga og skógarleifar sem til eru í landinu og að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs, auk þess að annast um annað það sem að skógrækt og skógræðslu lýtur. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögnum og skipar hann skógræktarstjóra til fimm ára, sem annast framkvæmd þessara mála, sbr. 2. gr. laganna. Skógræktarstjóri ræður skógarverði, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 3. gr. laganna.

Samkvæmt 6. gr. laga um skógrækt má hvorki *höggva tré né runna* á annan hátt en þann að höggið sé innan úr, þannig að skógarinn eða kjarrið sé grisjað. Áskilið er samkvæmt ákvæðinu að grisjunin sé gerð i samráði við skógarvörð. Jafnframt segir að ekkert svæði megi *rjóðurfella* nema með samþykki skógræktarstjóra, og þá því aðeins, að sá sem heggur skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafn stóru svæði.

Samkvæmt 7. gr. laga um skógrækt má ekki rífa upp viðarrætur eða skerða á nokkurn hátt. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna allt skógarhögg og hrísteckju og hvers konar skerðingu á gróðri, þar sem ætla má að slikt geti valdið uppblaðstri eða landspjöllum. Bannað er að *stinga upp og flytja brott tré* og *hvers konar ungviði án leyfis skógræktarstjóra eða skógarvarða*, sbr. niðurlag greinarinnar.


Áður nefndir framkvæmdaaðilar í Heiðmörk, Kópavogsbær og Klæðning ehf., *leituðu ekki samþykki* skógræktarstjóra eða skógarvarða til þess að fá að stinga upp og fjarlægja þau tré í landi Heiðmerkur, sem fjarlægð hafa verið vegna vatnsveituframkvæmdanna í Vatnsenda-krikum, og skógræktarstjóri eða skógarverðir *hafa ekki veitti leyfi* fyrir þeim framkvæmdum, hvorki nýverið né þegar umrædd framkvæmd var á skipulagsstigi.

Framkvæmdir Kópavogsbærar og Klæðningar ehf. voru þar af leiðandi með öllu *heimildarlausar* og þær fela í sér *brot gagn 6. og 7. gr. laga um skógrækt*, sbr. 37. gr. þeirra laga. Samkvæmt síðast nefnda ákvæðinu varða brot gagn lögum um skógrækt sektum til ríkissjóðs.

Með vísan til framanritaðs er þess óskað að framkvæmd verði opinber rannsókn á þeim brotum sem að framan voru nefnd. Þess er jafnframt krafist að þeim sem ábyrgð bera á brotum þessum verði refsáð lögum samkvæmt.

Ef frekari gögn eða upplýsingar vantar vinsamlegast hafið samband við undirritaðan fyrir hönd Skógræktar ríkisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Skógræktar ríkisins,


Jóhannes Rúnar Jóhannesson, hrl.